

## AÐALFUNDARBOÐ

Aðalfundur KFH verður **mánudaginn 31. október kl. 17.00** að Háaleitisbraut 58-60. Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf.

Hugvekja: Sr. Guðlaug Helga Ásgeirsdóttir.

Súpa, brauð og samfélag í lok fundar á heimili sr. Péturs Þorsteinssonar, Hagamel 50, 107 Reykjavík.

Félagsfólk er hvatt til að fjölmenna á aðalfundinn.

### Félagsfundir KFH veturinn 2016-2017

Athugið breytt fundaðform en fundirnir hefjast alla jafna kl. 17.00 nema annað sé tilgreint. Fyrstu fundir starfsársins eru haldnir á Háaleitisbraut 58-60 en fundir í febrúar, mars og apríl eru vettvangsferðir í kirkjur.

**Mánudagur 31. október. Aðalfundur.** Venjuleg aðalfundarstörf. Hugvekjuflytur sr. Guðlaug Helga Ásgeirsdóttir.

**Mánudagur 28. nóvember.** Kyrrðarstarf kvenna í Skálholti. Vitnisburður og umfjöllun um hugmyndafræðina á bak við kyrrðarstarfið. Umsjón verður í höndum hóps sem skipuleggur kyrrðarstarf kvenna í Skálholti.

**Mánudagur 30. janúar.** Örping. Yfirskrift: KFH í nútíð og framtíð. Framsögu hafa: Anna Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar, Jón Jóhannsson, djákni og Margrét Hákonardóttir, hjúkrunarfræðingur. Umræður í hópum. Stjórnun: Anna Ólafía Sigurðardóttir, hjúkrunarfræðingur.

**Mánudagur 27. febrúar.** Heimsókn í Víðistaðakirkju í Hafnarfirði. Mæting **kl. 17.00 í kirkjunni**. Sr. Bragi J. Ingibergsson, sóknarprestur flytur erindi um altarið í kirkjunni. Helgistund í umsjá sr. Braga og safnaðarfólks. Súpa og brauð í lok fundar.

**Mánudagur 27. mars.** Heimsókn á Mosfell í Mosfellsdal. Mæting **kl. 17.00 í kirkjunni**. Sr. Ragnheiður Jónsdóttir, sóknarprestur, tekur á móti hópnum. Helgistund í umsjá KFH félaga. Veitingar eftir kirkjusamveru í safnaðarheimili Mosfellssóknar, Þverholti 3, Mosfellsbæ.

**Mánudagur 24. apríl.** Heimsókn í Skálholt. Mæting á Háaleitisbraut 58-60 **kl. 15.45. Brottför kl. 16.00.** Dagskrá í Skálholti: Umsjón hefur sr. Kristján Valur Ingólfsson, vígslubiskup. Heimkoma áætluð **kl. 22.00.** Verð kr. 5000 (rúta, leiðsögn og kvöldverður). Skráning fer fram á netfanginu [kfh@kfh.is](mailto:kfh@kfh.is) eigi síðar en föstudaginn 21. apríl 2017.

## Kristilegt félag heilbrigðisstétta



### Fréttir

Október 2016

Áb: séra Guðlaug Helga Ásgeirsdóttir

*Þitt orð er lampi fóta minna og ljós á vegi mínum.  
Sálm. 119, v. 105*

### **Félagsfundir með öðru sniði**

Stjórn KFH hvetur félagsfólk til að kynna sér dagskrá starfsársins. Dagskráin verður með öðru sniði í febrúar, mars og apríl þar sem farið verður í kirkjuheimsóknir. Félagsfólk er hvatt til þess að bjóða með sér gestum. Félagsfundirnir eru fræðandi og eflandi og hluti af því að styrkja vináttu og samkennd. Um leið veita félagsfundirnir andlega og trúarlega næringu.

### **Styrktarsjóður Kristilegs félags heilbrigðisstétta (KFH)**

Kristilegt félag heilbrigðisstétta auglýsir eftir umsóknum um styrk úr styrktarsjóði KFH sem stofnaður var til minningar um Vigdís Magnúsdóttur, hjúkrunarforstjóra og formann félagsins um árabíl. Tilgangur sjóðsins er að styrkja verkefni sem eru í anda markmiða félagsins sem eru að styðja og efla andlega og trúarlega þjónustu, sálgæslu innan heilbrigðisþjónustunnar og efla fræðslu heilbrigðisstarfsfólks um málefni er varða andlegar og trúarlegar þarfir.

Umsóknarfrestur vegna styrkveitinga úr styrktarsjóðinum er til og með 20. janúar 2017. Nánari upplýsingar má finna á vef félagsins kfh.is

### **Hefur þú hug á að styrkja starf KFH**

Styrktarsjóður KFH sem stofnaður var í minningu Vigdísar Magnúsdóttur, styrkir þau málefni sem eru í anda félagsins og í samræmi við lög þess. Leggja má bein framlög inn á styrktarsjóðinn. Reikningsnúmer: 0301-13-300201. Kennitala: 6602820769. Vinsamlega skráið „almennur styrkur“ í skýringu við greiðslu.

### **Frá formanni**

Kæru félagssystkin.

Það er með mikilli ánægju sem stjórn KFH kynnir nýja dagskrá fyrir starfsárið 2016-2017. Eins og sjá má þá er um ákveðna nýbreytni að ræða þar sem ákveðið var að bjóða upp á vettvangsferðir og kirkjur heimsóttar. Markmiðið með þessum heimsóknum er að tengja enn betur starf KFH öðru starfi á kristilegum vettvangi og vekja athygli á félaginu. Við í stjórn félagsins erum mjög þakklát þeim sem munu taka á móti okkur og hlökkum til að færa hluta af fundunum okkar í þennan nýja farveg.

Í nóvembermánuði 2016 munum við kynnast betur kyrrðarstarfi meðal kvenna í Skálholti og er það liður í því að hlúa frekar að andlegri íhugun og kyrrð.

Við viljum jafnframt vekja sérstaka athygli á örþingi í janúarmánuði 2017 þar sem félagsfólk hefur verið beðið um að koma fram með sínar hugmyndir og vangaveltur í tengslum við starf félagsins, hlutverk og köllun. Örþingið hefur fengið yfirskriftina: KFH í nútíð og framtíð. Það er von okkar í stjórn KFH að örþingið verði upphafið að samtali meðal félagsfólks um það hvernig við viljum sjá starf félagsins þróast og eflast til framtíðar.

Við hlökkum til starfsársins með ykkur og biðjum ykkur allrar blessunar Guðs í leik og starfi. Guð vaki yfir ykkur og þeim sem ykkur eru nær. Sjáumst á fundunum okkar!

Með góðum kveðjum fyrir hönd stjórnar KFH,

Guðlaug Helga Ásgeirsdóttir, formaður